



## Kennsluáætlun 2024-2025

**Bekkur: 9. bekkur**

**Námsgrein: Áhugasvið**

**Kennari/kennarar: Hulda Kristín Baldursdóttir**

Markmið:

Að nemandi geti:

- Nýtt fjölbreyttar aðferðir við að miðla þekkingu sinni og leikni, skoðunum, hugsunum og tilfinningum á skipulagan og skýran hátt sem við á hverju sinni.
- Rætt á viðeigandi og skýran hátt um málefni þannig að áhugi viðmælenda sé vakinn.
- Spurt rannsakandi spurninga, skipulagt eigin áætlun og endurskoðað ferli við efnistöð og úrvinnslu verkefna.
- Tekið frumkvæði í námi sínu og verið sjálfstæður og ábyrgur í vinnubrögðum.
- Nýtt fjölbreytta miðla og hjálpartæki á ábyrgan hátt við að leita upplýsinga og til stuðnings í námi sínu.
- Sett sér raunhæf markmið um frammistöðu og framvindu eigin náms, unnið eftir þeim og lagt mat á hvernig til hefur tekist.
- Skipulagt og borið ábyrgð á eigin námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár, skipulagt og endurskoðað með tilliti til mats á árangri.

Kennsluaðferðir/vinnulag:

- 1 kennslustund á viku.
- Einstaklings- og/eða hópavinna

Námsmat:

- Ástundun og virkni í tímum
- Mat á lokaskilum verkefna
- Leiðsagnarmat
- Jafningjamat

Námsgögn:

Nemendur velja sér viðfangsefni að eigin vali og finna heimildir í tengslum við það efni. Námsgögn geta því verið allt frá myndum, bókum, heimildum á vef, viðtölum, samtölum eða hvað annað sem nemendum dettur í hug.